



04.07.2025

Bæjarráð Hafnarfjarðar
b.t. Valdimars Víðissonar
Strandgötu 6
220 Hafnarfjörður

Efni: Húsnæðismál Félags eldri borgara í Hafnarfirði

Formanni Félags eldri borgara í Hafnarfirði var mjög brugðið þegar tilkynnt var í símtali frá Elínu Ósk Baldursdóttur, deildarstjóra þjónustu og úrræða Hafnarfjarðar þann 25. júní sl. að Verkalýðsfélagið Hlíf væri búð að segja upp samningi við Hafnarfjarðarbæ um 607,6 fm. húsnæði að Flatahrauni 3, Hafnarfirði, þar sem öll innanhúss starfsemi Félags eldri borgara í Hafnarfirði fer fram. Formleg tilkynning um þetta hefur ekki borist FEBH.

Skrifað var undir leigusamning fyrir aðstöðu fyrir FEBH þann 15. febrúar 2001 og var húsnæðið tilbúið til afhendingar og leigu 1. febrúar árið 2002. Þann 30. nóvember 2011 var svo bætt við 40fm. húsnæði fyrir félagsstarfseminu í kjallara hússins og var það Verkalýðsfélagið Hlíf sem leigði Hafnarfjarðarbæ. Á seinni tímum hafa þessir tveir leigusamningar verið sameinaðir.

Félagsstarfið hefur þar af leiðandi, með tilstyrk Hafnarfjarðarbæjar, búið við öryggi og stöðugleika síðustu 23 árin.

Samhliða hefur starfsemin blómstrað í húsnæðinu. Starfsfólkið sem Hafnarfjarðarbær leggur FEBH til hefur við vaxandi félagsstarf verið einstakt í að breyta sviðsmyndum húsnæðisins yfir daginn til að koma á mótis við fjölbreytilegra og vaxandi félagsstarf félagsins.

Í dag eru starfandi 20 sjálfbærir hópar sem eru grundvöllurinn í allri starfseminni og standa á bak við þau margvíslegu námskeið og samverustundir, sem eru í boði. Rúmlega 70 félagsmenn eru í nefndum félagsins og leggja sig fram um að standa að baki og skipuleggja starfsemi í hópunum til að tryggja velsæld þeirra sem taka þátt í starfinu. Stefnt er að því í öllu starfi FEBH að endurspegla samtímann, því kynslóðirnar sem taka þátt og móta félagsstarfið gera ólíkar kröfur til afþreyingar heldur en þær sem á undan gengu.

Það er því óhætt að segja að félagstarfið sé í sífelldri endurskoðun, síungt, hugmyndaríkt, fjölbreytt og skemmtilegt, tilbúið að taka á móti nýjum stækkandi kynslóðum.

Á síðastliðnum 9 árum hefur félagsmönnum fjölgað frá því að vera 1.164 samkvæmt skýrslu félagsins fyrir árið 2016 í 2.332 samkvæmt félagatali FEBH í dag, 4. júlí 2025. Af þessum stóra hóp sækja afþreyingu í Flatahrauni 590-700 manns í viku hverri en því til staðfestingar var lögð fram til bæjarstjóra 4. febrúar sl. samantekt um fjölda þeirra sem sækja námskeiðin.

Félag eldri borgara í Hafnarfirði er elsta félag á landinu sem starfar með hagsmuni, réttindi og velferð eldra fólks og hefur að markmiði sínu að þjónusta þennan hóp sem best. Þá hefur félagið notið stuðnings, virðingar, vinsemdar og þakklætis frá Hafnarfjarðarbæ fyrir ómetanlegt framlag félagsmanna, til fjölbreyttrar dagskrár, þar sem reynt er eftir fremsta megni að vinna gegn einmanaleika og einangrun en það er eitt að mikilvægustu verkefnum samtímans.

Með stuðningi Hafnarfjarðarbæjar frá stofnun félagsins 26. mars 1968 hefur tekist að byggja upp starfsemi sem horft er til.

Nú er sú alvarlega staða komin upp að eitt stærsta félagið í Hafnarfirði, Félag eldri borgara, stendur allt í einu frammi fyrir óöryggi í húsnæðismálum og hefur starfsemin þar með verið sett í uppnám vegna þess. Búið er að skipuleggja dagskrána og móttökur gesta að mestu fram til næsta aðalfundar sem haldinn verður í mars 2026.

Orðrómur hafði borist til FEBH um að Verkalýðsfélagið Hlíf hefði komið að máli við bæjaryfirvöld/sviðsstjóra um mánaðarmótin september/október 2024 og rætt þar við Hafnarfjarðarbæ um félagsaðstöðu FEBH að Flatahrauni 3.

Ekki var haft samband við stjórn FEBH til að segja frá þessum samtölum sem stjórnin telur ámælisvert af hálfu Hafnarfjarðarbæjar.

Formaður FEBH og gjaldkeri áttu fund þann 4.febrúar sl. með bæjarstjóra og sviðsstjóra fjölskyldu og barnamálasviðs og var þar meðal annars rætt um hvort tími væri komin til að gera viðlíka rekstrarsamning við FEBH eins og við Íþróttafélögin í bænum en á þeim fundi kom ekki til tals að FEBH þyrfti að flytja úr húsnæðinu að Flatahrauni 3 eða að einhverjar breytingar væru í að sigi.

Við þessar aðstæður á 57. starfsári FEBH er hið öfluga félagsstarf sem byggt hefur verið upp af miklum áhuga, krafti og þekkingu sett í algert uppnám.

Það skiptir því meginmáli nú, að skilningur á starfsemi þeirri sem fram fer hjá Félagi eldri borgara í Hafnarfirði liggi fyrir hjá Hafnarfjarðarbæ svo að hún verði ekki brotin upp undirbúnings- og umræðulaust og jafnframt tekin sú áhætta að starfsemin skerðist til muna og missi dampinn.

Forysta FEBH hefur hvar sem hún hefur haft tækifæri til þakkað Hafnarfjarðarbæ fyrir að vera öflugur bakhjarl og fyrirmynd annarra sveitarfélaga í málefnum eldri borgara.

Stjórn FEBH er því mjög brugðið og lýsir yfir vonbrigðum á einhliða umræðu Hafnarfjarðarbæjar um tilveru og framtíð eins stærsta og sjálfsprottnasta félagsins í bænum, sem hefur það eingöngu að markmiði að þjónusta eldri borgara með fjölbreytilegum hætti.

Með bréfi þessu er kallað eftir því að Hafnarfjarðarbær finni sambærilega lausn á húsnæðismálum Félags eldri borgara í Hafnarfirði í fullri samvinnu við stjórn félagsins.

Mikilvægt er að Hafnarfjarðarbær leiði málin til lykta sem allra fyrst til þess að skerða ekki skipulagða starfsemi Félags eldri borgara hér í bæ og tryggja samhliða öryggi og stöðuleika FEBH til framtíðar.

Vonast er eftir jákvæðum og skjótum viðbrögðum við bréfi þessu.

***Með bestu kveðju,
fyrir hönd stjórnar FEBH
Valgerður Sigurðardóttir, formaður.***